# Fimmtudagur 13. apríl



## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Heiða (42).** Teiknimyndaflokkur byggður á skáldsögu Jóhönnu Spyri. Þýðandi Rannveig Tryggvadóttir. Leikraddir Sigrún Edda Björnsdóttir.
18.25 **Stundin okkar – endursýning.** Umsjón Helga Steffensen. Stjórn upptöku Þór Elís Pálsson.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Fljótið sem hvarf.** (Stolen River). Bresk náttúrulífsmynd um fljót í Botsvana í Suður-Afríku sem þornar upp, og áhrif þess á. dýralíf þar í kring. Þýðandi og þulur Þorsteinn Helgason.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Mannlíf hér og þar.** Í þessum þætti verður komið víða við s.s. á Hvammstanga, Blönduósi, Grenjaðarstað og víðar. Umsjón Gísli Sigurgeirsson.
21.10 **Fremstur í flokki.** (First Among Equals). Sjöundi þáttur. Breskur framhaldsmyndaflokkur í tíu þáttum byggður á sögu eftir Jeffrey Archer. Leikstjórar John Corrie, Brian Mills og Sarah Harding. Aðalhlutverk David Robb, Tom Wilkinson, James Faulkner og Jeremy Child. Þýðandi Kristmann Eiðsson.
22.05 **Ísland og umheimurinn.** Fyrsti þáttur – Inn í umheiminn. Nýr íslenskur myndaflokkur í fjórum þáttum sem fjallar um umheiminn og áhrif hans á stöðu Íslands fyrr og nú, og breytingar á skipan alþjóðamála á síðustu öld til vorra tíma. Umsjón Albert Jónsson.
22.35 **Íþróttasyrpa.** Umsjón Ingólfur Hannesson.
23.00 **Seinni fréttir.**
23.10 **Fyrir norðan heimskautsbaug.** Fyrstu þjóðgarðar Finnlands voru afmarkaðir og friðlýstir fyrir 50 árum. Einn þeirra var Pallas-Qunastunturi sem er 200 km norðan við heimskautsbaug. Þýðandi Borgþór Kærnested. (Nordvision – Finnska sjónvarpið).
23.40 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.**
16.30 **Með Afa.** Endurtekinn þáttur frá síðastliðnum laugardegi.
18.05 **Bylmingur.** Simon Potter á ferð og flugi um breska tónlist. Music Box.
19.00 **Myndrokk.** Gamalt og nýtt í góðri blöndu.
19.19 **19:19.** Fréttaflutningur ásamt umfjöllun um málefni líðandi stundar.
20.30 **Morðgáta.** Murder She Wrote. Sakamálaþáttur með Angelu Lansbury í aðalhlutverki. Þýðandi: Örnólfur Árnason.
21.25 **Forskot á Pepsí popp.** Kynning á helstu atriðum þáttarins Pepsí popp sem verður á dagskrá á morgun.
21.35 **Sekur eða saklaus? Fatal Vision. Sannsöguleg framhaldskvikmynd í tveimur hlutum. Seinni hluti. Alls ekki við hæfi barna.**
**23.05 Hættuástand** Critical Condition. Richard Pryor var í eina tíð með hæstlaunuðu og vinsælustu leikurum í kvikmyndaheiminum. Vinsældir Eddie Murphy, eiturlyfjaneysla Pryors og nokkrar misheppnaðar myndir settu strik í reikninginn. Stjarna hans reis þó í mynd kvöldsins en Pryor fer á kostum sem tugthúslimur. Misheppnað rán í verslun sem sérhæfir sig í hjálpartækjum ástalífsins kemur honum á bak við lás og slá. Aðalhlutverk: Richard Pryor, Rachel Ticotin, Ruben Blades og Joe Mategna. Leikstjóri: Michael Apted. Framleiðandi: Bob Larson. Sýningartími 105 mín. Ekki við hæfi barna.
0.40 **Dagskrárlok.**


**HREINSIÐ LJÓSKERIN REGLULEGA.**




**DRÖGUM ÚR HRAÐA!**

UMFERÐAR RÁÐ



**ÞURRKUBLÖÐIN VERÐA AÐ VERA ÓSKEMMD**
og þau þarf að hreinsa reglulega. Slitin þurrkublöð margfalda áhættu í umferðinni.

UMFERÐAR RÁÐ


## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Einar Sigurbjörnsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Randver Þorlákssyni.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið út forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30. Tilkynningar laust fyrir kl. 7.30, 8.00, 8.30 og 9.00. Sigurður G. Tómasson talar um daglegt mál laust fyrir kl. 8.00.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – „Svarti ormurinn og rauða rósin". Bryndís Baldursdóttir les ævintýri eftir Sigurbjörn Sveinsson. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Einnig útvarpað kl. 18.20.)
9.40 **Landpósturinn** – Frá Norðurlandi. Umsjón: Pálmi Matthíasson.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Ég man þá tíð.** Hermann Ragnar Stefánsson kynnir lög frá liðnum árum.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Einnig útvarpað á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Alþingi. Umsjón: Bergljót Baldursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Riddarinn og drekinn" eftir John Gardner. Þorsteinn Antonsson þýddi. Viðar Eggertsson les (9.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Snjóalög.** - Snorri Guðvarðarson. (Frá Akureyri) (Einnig útvarpað aðfaranótt þriðjudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Leikrit vikunnar:** „Dagmamma" eftir Eran Baniel. Þýðing: Jón R. Gunnarsson. Leikstjóri: Inga Bjarnason. (Endurtekið frá þriðjudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin. Dagskrá.**
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** „Járnmaðurinn", fimm daga saga eftir Ted Hughes. Jóhann Sigurðarson les þýðingu Margrétar Oddsdóttur (4.) Sagan er flutt með leikhljóðum.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Johannes Brahms. - Fjögur sönglög. Hkan Hagegrd syngur; Thomas Schuback leikur með á píanó. - Sinfónía nr. 4 í e-moll. Fílharmóníusveit Berlínar leikur; Herbert von Karajan stjórnar.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Að utan.** Fréttaþáttur um erlend málefni.
18.20 **Staldraðu við!** Jón Gunnar Grjetarsson sér um neytendaþátt. (Endurtekinn frá morgni.) Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Daglegt mál.** Endurtekinn þáttur frá morgni sem Sigurður G. Tómasson flytur.
19.37 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – „Svarti ormurinn og rauða rósin". Bryndís Baldursdóttir les ævintýri eftir Sigurbjörn Sveinsson.
20.15 **Úr tónkverinu** – Óratoríur og messur. Þýddir og endursagðir þættir frá þýska útvarpinu í Köln. Ellefti þáttur af þrettán. Umsjón: Jón Örn Marinósson. (Áður útvarpað 1984.)
20.30 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói –** Fyrri hluti. Stjórnandi: Petri Sakari. Einleikari: Ifor James - Sinfónía nr. 35 „Haffner" eftir Wolfgang Amadeus Mozart. - Konsert fyrir piccolo-horn eftir Johann Baptist Neruda. Kynnir: Jón Múli Árnason.
21.30 **„Við gluggann".** Ingrid Jónsdóttir leikari les smásögur úr samnefndri bók Fríðu Á. Sigurðardóttur.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.30 **Glott framan í gleymskuna.** Friðrik Rafnsson fjallar um miðevrópskar bókmenntir. (Einnig útvarpað nk. þriðjudag kl. 15.03.)
23.10 **Frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíói –** Síðari hluti. Stjórnandi: Petri Sakari. Einleikari: Ifor James. – Hornkonsert eftir Gordon Jacob. – „Bachianas Brasileiras" nr. 2 eftir Heitor Villa-Lobos. Kynnir: Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Leifur Þórarinsson. (Endurtekinn frá morgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2
FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30 og fimmtudagsgetraunin.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki. – Útkíkkið upp úr kl. 14. – Hvað er í bíó? – Ólafur H. Torfason. – Fimmtudagsgetraunin endurtekin.
16.03 **Dagskrá.** Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Meinhornið kl. 17.30, kvartanir og nöldur.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. – Daglegt mál. Sigurður G. Tómasson sér um þáttinn sem er endurtekinn frá morgni á Rás 1.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.00 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Fjórði þáttur endurtekinn frá þriðjudegi.
20.30 **Útvarp unga fólksins.** Meðal efnis er „Kaupmaðurinn í Feneyjum" eftir William Shakespeare í endursögn Charles og Mary Lamb. Kári Halldór Þórsson flytur þýðingu Láru Pétursdóttur. (Endurtekið frá sunnudegi á Rás 1.)
21.30 **Hátt og snjallt.** Enskukennsla á vegum Fjarkennslunefndar og Málaskólans Mímis. Fimmti þáttur. (Einnig útvarpað nk. þriðjudagskvöld kl. 20.00.)
22.07 **Sperrið eyrun.** Anna Björk Birgisdóttir leikur þungarokk á ellefta tímanum.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Að loknum fréttum kl. 2.00 verður endurtekinn frá mánudegi þátturinn „Á frívaktinni" þar sem Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalög sjómanna. Að loknum fréttum kl. 4.00 flutt brot úr dægurmálaútvarpi fimmtudagsins. Fréttir kl. 2.00 og 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.** Umsjón Páll Þorsteinsson og Þorgeir Ástvaldsson.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.**
14.00 **Gunnlaugur Helgason.**
19.00 **Samtengdar rásir Bylgjunnar og Stjörnunnar.**
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## Hljóðbylgjan
Reykjavík FM 95,7
Akureyri FM 101,8

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Pétur Guðjónsson** stjórnar tónlistinni á Hljóðbylgjunni fram til kl. 23.00.
23.00 **Þráinn Brjánsson** leikur þægilega tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP
FM 106,8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
13.30 **Mormónar.** Kirkja Jesú Krists hinna síðari daga heilögu.
14.00 **Hanagal.** Félag áhugafólks um franska tungu. E.
15.00 **Alþýðubandalagið. E.**
**15.30 Við og umhverfið.** Dagskrárhópur um umhverfismál. E.
16.00 **Fréttir frá Sovétríkjunum.** María Þorsteinsdóttir.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Breytt viðhorf.** Sjálfsbjörg Landsamband fatlaðra.
18.00 **Kvennaútvarpið.** Ýmis kvennasamtök.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón: Íris.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.**
22.00 **Spilerí.** Tónlistarþáttur í umsjá Alexanders og Sylvíans.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
24.00 **Næturvakt. Meðal efnis. Kl. 2.00 Við við viðtækið. E.**

## ÚTRÁS
FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

14.00 **Orð Guðs til þín.** Þáttur frá Orði lífsins. Umsjónarmaður er Jódís Konráðsdóttir.
15.00 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
21.00 **Biblíulestur.** Leiðbeinandi: Gunnar Þorsteinsson.
21.45 **Miracle.**
22.00 **Alfa með erindi til þín. Frh.**
**24.00 Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR
FM91.7

18.00–19.00 **Fimmtudagsumræðan.** Umræðuþáttur um þau mál sem efst eru á baugi í Firðinum hverju sinni.



Sigurður G. Tómasson hefur umsjón með þáttunum um daglegt mál.

### Rás 2 kl. 18.45:

# Daglegt mál

Bryddað hefur verið upp á þeirri nýbreytni hjá útvarpinu að endurflytja þættina um daglegt má. Þeir verða nú á dagskrá tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum, strax að loknum þættinum Þjóðarsál, eða um kl. 18.45.

Vonast forráðamenn þáttanna til að þetta falli hlustendum vel í geð og að fleiri geti haft gagn og gaman af en áður. Umsjónarmaður þáttanna er Sigurður G. Tómasson íslenskufræðingur.

### Sjónvarp kl. 23.10:

# Fyrir norðan heimskautsbaug

Í Finnlandi eru 22 þjóðgarðar. Tveim þeim elstu innan núverandi landamæra Finnlands, Pyhätunturi og Pallas-Ounastunturi, var komið á fót árið 1938 eða fyrir rúmri hálfri öld. Árið 1957 voru 7 garðar til viðbótar opnaðir og í byrjun þessa áratugar bættust 13 við. Garðarnir eru friðaðir og hafa til að bera sérstök og falleg einkenni finnskrar náttúru og dýralífs.

Fjallað verður um þessa garða og sýndar svipmyndir frá þeim í þættinum Fyrir norðan heimskautsbaug.

-StB

### Stöð 2 kl. 23.05:

# Hættuástand

Gamanleikarinn Richard Pryor leikur seinheppinn smáglæpamann í bíómyndinni Hættuástand (Critical Condition). Hann reynir að ræna verslun sem selur hjálpartæki ástarlífsins en ránið misheppnast og hann fær fyrir fangelsisdóm. Til að komast hjá því að afplána dóminn læst hann vera geðveikur og er fluttur til rannsóknar á sjúkradeild fangelsisins. En örlögin grípa í taumana áður en hann losnar þaðan aftur og fyrr en varir er hann kominn í hlutverk læknis fanganna. Hann hugsar sér gott til glóðarinnar og hyggst flýja. En margt fer öðruvísi en ætlað er.

Leikstjóri er Michael Apted en auk Pryor leika Rachel Ticotin, Ruben Blades og Joe Mantegna aðalhlutverkin í myndinni.



Richard Pryor leikur seinheppinn glæpamann í myndinni Hættuástandi.

Kvikmyndahandbækur gefa Hættuástandi enga stjörnu.

-StB

### Rás 1 kl. 22.30:

# Glott framan í gleymskuna

Glott framan í gleymskuna nefnir Friðrik Rafnsson fyrsta þátt sinn um mið-evrópskar bókmenntir.

Í þættinum mun hann svara spurningunni Eiga mið-evrópskar bókmenntir eitthvað sameiginlegt? Þá mun hann og leitast við að afmarka hugtakið Mið-Evrópa. Margir telja það hugtak órætt en frá síðari hluta síðustu aldar taldist svæðið Mið-Evrópa heyra undir austurríska-ungverska keisaradæmið.

-StB